

## Fjallskilanevnd Álftaversafréttar

Fundur fjallskilanevndar Álftaversafréttar haldinn að Mýrum 22. febrúar 2016.

Mættir eru Páll Eggertsson, Jóhannes Gissurarson, Örvar Egill Kolbeinsson, Þormar Ellert Jóhannsson og fyrir hönd Landgræðslu Ríkisins, Gústav Ásbjörnsson.

Gústav les yfir landbótaáætlunina og gerðar eftirfarandi breytingar:

- Fjárfjöldi sem áætlaður var 600-700 ær með lömbum var færður upp í 700-800 til þess að auka svigrúm til fjölgunar á búfé á afréttinum á samningstímanum ef menn vilja, vikmörk frá fjárfjölda u.þ.b. 20% án þess að þörf gerist á að breyta áætlun.

- Eftirfarandi setning tekin út: „Fjallskilanevnd hefur heimild til þess að seinka upprekstri um allt að 10 daga...” og sett í staðinn: „Ákvörðun um upprekstartíma skal staðfest með fundargerð fjallskilanevndar.”

Gústav telur að ef þörf verði á frekari sáningu á uppgræðslusvæðum eftir 2017, þá sé það vel mögulegt að landgræðslan útvegi meira fræ, þó það sé ekki tíundað í áætluninni.

Eftir 2020 er ekki tiltekið hvernig áburðurinn skal dreifast á uppgræðslusvæðin, er það gert svo hægt sé að hagræða því eftir þörf.

Gústav merkir uppgræðslusvæði og sleppistaði inn á kort sem fylgja áætluninni.

Fundargestir skrifa undir landbótaáætlunina.

Páll Eggertsson ætlar að kynna áætlunina fyrir framleiðendum sem nýta Álftaversafrétt og safna undirskriftum.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið

Þormar Ellert Jóhannsson

---

Fundur fjallskilanevndar Álftaversafréttar haldinn að Mýrum þann 19. júní 2016.

Mættir eru Páll Eggertsson, Örvar Egill Kolbeinsson og Þormar Ellert Jóhannsson.

Þann 18. júní fór gróðurverndarnefnd og Landgræðsla Ríkisins í gróðraskoðun á Álftaversafrétt. Mátu þau sem svo að hefja mætti upprekstur. Fjallskilanefnd samþykkir að opna megi afréttinn þann 20. Júní 2016.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið

Þormar Ellert Jóhannsson

---

Fundur fjallskilanefndar Álftaversafréttar haldinn að Mýrum 22. ágúst 2016.

Mættir eru Páll Eggertsson, Jóhannes Gissurarson, Örvar Egill Kolbeinsson og Þormar Ellert Jóhannsson.

Formaður setur fundinn og býður fundargesti velkomna. Formaður leggur fram drög að fjallskilaseðli 2016, annars vegar miðað við 90 dagsverk og 100 dagsverk hins vegar. Landverð 40% og fjártala 60%, sem fyrr. Fjallskilaseðill samþykktur miðað við 90 dagsverk.

Jóhannes Gissurarson kjörinn fjallkóngur áfram.

Daggjald á afrétti verður 13.835 haustið 2016.

Viðhald mannvirkja: Ákveðið að hittast síðar og skoða hugsanlega stækkun á lögréttinni. Einnig þyrfti að líta á gerði við Jökulkvísl.

Áætlað að fara í 1. safn föstudaginn 9. september.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið

Þormar Ellert Jóhannsson

---

Fundur fjallskilanefndar Álftaversafréttar haldinn að Mýrum þann 4. desember 2016

Mættir eru Páll Eggertsson, Örvar Egill Kolbeinsson, Þormar Ellert Jóhannsson og Jóhannes Gissurarson.

Formaður setur fund og býður fundargesti velkomna.

Jóhannes leggur fram uppgjör fjallskila haustið 2016. Áætluð dagsverk voru 90 og unnin dagsverk einnig 90. Ákveðið var að umreikna fjallskil upp í 100 dagsverk, er það gert vegna þess að björgunarsveitin Lífgjöf hefur fengið greitt fyrir þau dagsverk sem út af standa, í staðinn fyrir að skaffa bíl í afréttarferðir. Þar af leiðandi fær Lífgjöf greitt fyrir 10 dagsverk. Daggjald er 13.835 x 10 dagsverk, fær þá Lífgjöf 138.350 kr. Þetta haustið, en var bílnum ekið 970 km. Akstur annarra ökutækja þetta haust var 670 km en kemur hann ekki til greiðslu á þessu uppgjöri.

Uppgjörið skoðast samþykkt

Páll Eggertsson fer á fund við sveitarstjórn Skaftárhrepps og leggur fram fjárhagsáætlun fyrir 2017. Áætluð eru 150.000-200.000 kr. til viðhalds mannvirkja. Fundurinn var haldinn 4.október 2016.

Fundargerð samþykkt

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið

Pormar Ellert Jóhannsson